



Akureyrarbær

Nokkur mikilvæg atriði úr bæjarmálasamþykkt

- I. Nokkur orð um bæjarstjórn, bæjarráð og fastanefndir
- II. Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúar og nefndarmanna
- III. Um varamenn og boðun þeirra í bæjarstjórn og í nefnd
- IV. Um áheyrnarfulltrúa
- V. Um lausn frá setu í bæjarstjórn og í nefnd
- III. Um hæfi bæjarfulltrúa og nefndarmanna

Um verkefni bæjarstjórnar

- Annast þau lögmætu verkefni sem henni eru falin í lögum og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála, nú samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti <https://www.samband.is/verkefnin/stjornsysla/>
<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/L%c3%b6gm%c3%a6lt%20verkefni%20listi%20150720.pdf>
- Bæjarstjórn vinnur að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúar eftir því sem fært þykir á hverjum tíma
- Bæjarstjórn getur ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum

Fundir bæjarstjórnar og ráða

- **Bæjarstjórn** heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði
- Haldnir að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:00
- Aukafundir haldnir ef þörf krefur
- Heimilt að fella niður fundi í allt að tvo mánuði yfir sumartímann
 - Bæjarstjórn veitir bæjarráði heimild til fullnaðarafgreiðslu í sumarfríi bæjarstjórnar.
- **Bæjarráð** skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku
 - Fundir bæjarráðs kl. 8.15 á fimmtudögum
 - Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. 1/3 bæjarráðsmanna óska þess
- **Fastanefndir funda** að jafnaði tvisvar í mánuði á föstum fundartímum

Fundaráætlun bæjarstjórnar til ársloka 2022

- Bæjarstjórn fundar 1. og 2. þriðjudag í mánuði kl. 16.00
- 6. og 20. september
- 4. og 18. október
- 1. og 15. nóvember
- 6. og 20. desember

Fundaráætlun bæjarráðs

Í sumarfríi bæjarstjórnar

- 16. júní (fyrsti fundur)
- 23. júní
- 30. júní
- 14. júlí
- 28 júlí – hugsanlega ef þörf krefur
- 4. ágúst
- 11. ágúst
- 18. ágúst
- 25. ágúst

Daglegir fundir á fimmtudögum kl. 8.15 til áramóta

- 1., 8., 15., 22. og 29. september
- 6., 13., 20. og 27. október
- 3., 10., 17. og 24. nóvember
- 1., 8., 15. og 22. desember

Fundaráætlun fastanefnda

- Ný ráð ákveða fundartíma. Fastir fundir kjörtímabilið 2018-2022 voru:
- **Fræðslu- og lýðheilusráð**
 - Tvisvar í mánuði: 1. og 3. mánudag kl. 13.30
- **Skipulagsráð**
 - Tvisvar í mánuði: 1. og 3. miðvikudag kl. 8.15
- **Umhverfis- og mannvirkjaráð**
 - Tvisvar í mánuði: 1. og 3. föstudag kl. 8.15
- **Velferðarráð**
 - Tvisvar í mánuði: 1. og 3. miðvikudag kl. 14

Opnir fundir og lokaðir fundir. Fjarfundir

- **Fundir bæjarstjórnar eru opnir**, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar
- **Fundir nefnda** skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum
 - Rík þagnar- og trúnaðarskylda
- **Fjarfundir**
- Heimilt er einstökum nefndarmanni að taka þátt í fundum bæjarstjórnar, ráða og nefnda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað skv. 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga **ef hann er staddur innan sveitarfélags eða er á ferðum innanlands á vegum Akureyrarbæjar**, en að öðrum kosti skal kalla inn varamann.
- Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

IV. Kafli bæjarmálasamþykktar

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa

- Ákvæði þessa kafla eiga einnig við um **varamenn** þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn
- Ákvæði þessa kafla gilda að öðru leyti um **fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum** sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd

20. gr. Réttur bæjarfulltrúa

- Eru **sjálfstæðir** í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála
- Rétt á að **tekið verði á dagskrá** bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni bæjarins eða verkefni þess
- Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna
- Hafa **málfrelsi** á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar
- Hafa **tillögurétt og atkvæðisrétt** á fundum bæjarstjórnar
- Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta bæjarstjórnar um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna

19. gr. Skyldur bæjarfulltrúa

- **Mætingarskylda**

- Taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til, nema lögmæt forföll hamli
- **Mætingarskylda** skv. 22. gr. sveitarstjórnarlaga; Sveitarstjórnarmanni **ber skylda** til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli, sbr. 31. gr. (vanhæfi, veikindi)

- **Skylda að taka kjöri og inna af hendi störf**

- Taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn og öðrum trúnaðarstörfum
- Inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar

- **Trúnaðar- og þagnarskylda**

- Gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls
- Trúnaðar- og þagnarskylda á lokuðum fundum – birting fundargerða
- Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi

22. gr. Siðareglur og góðir starfshættir

- Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga
- Sjá um siðareglur

21. gr. Aðgangur að gögnum – (Eftirlitshlutverk)

- **Vegna starfa sinna í bæjarstjórn** á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu bæjarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn
- Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum bæjarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi bæjarfélagsins og rekstur
- Óski bæjarfulltrúi gagna skal hann beina því til bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra, sem veita honum afrit af gögnum og upplýsingum
- Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna fari fram á bæjarskrifstofu í tiltekinn tíma, en að gögn verði ekki afhent utan bæjarskrifstofanna
- Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga

25. gr. Þóknun o.fl.

- Bæjarfulltrúar, nefndarmenn og áheyrnarfulltrúar skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn
- Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar

2. og 3. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga Kjörgengi

- Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. 2. mgr. 39. gr.
- Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá
- Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu

Um varamenn og boðun varamanna

- Varamenn í bæjarstjórn, 18. gr.
- Boðun varamanna í bæjarstjórn, 24. gr.

- Varamenn í nefndum, 40. gr.
- Boðun varamanna í nefnd, 41.gr.
 - Á jafnframt við um áheyrnarfulltrúa

18. gr. bæjarmálasamþykktar

Varamenn í bæjarstjórn

- Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast
- Hér er farið niður lista til að finna til varamenn, eins langt og hægt er:
- Dæmi:
 - 1. sæti - aðalmaður forfallast
 - 2. sæti - varamaður forfallast
 - 3. sæti - varamaður tekur sæti í bæjarstjórn í forföllum aðal- og varamanns

41. gr. bæjarmálasamþykktar

Varamenn nefnda (og áheyrnarfulltrúar)

- Varamenn taka sæti í fastanefndum íþegar aðalmaður forfallast
- **Undantekning bæjarráð**, sbr. 27. gr. bæjarmálasamþykktar
 - Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga
 - **Akureyrarbær hefur túlkað þetta með þeim hætti að ef framboð á einn bæjarfulltrúa, þá megi hann tilnefna varamann sinn í bæjarráð (aðeins einn – á líka við um áheyrnarfulltrúa)**
 - **Sá sem er nr. 2 á lista og er tilnefndur varamaður á 1. fundi bæjarstjórnar**
 - Ef aðalmaður og varamaður hans í bæjarráði eru báðir forfallaðir þá er ekki hægt að fara neðar á listann til að sækja varamenn
 - **Undantekning í sumarleyfi bæjarstjórnar:** Í sumarleyfi bæjarstjórnar má kalla aðra frambjóðendur af sama framboðslista sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann

24. gr. bæjarmálasamþykktar

Boðun varamanna í bæjarstjórn

- **Vanhæfi** til meðferðar einstaks máls
 - Boða skal varamann til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný
 - Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls
- Aðalmaður **forfallaður** (Getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum)
 - Varamaður hans tekur sæti í bæjarstjórn á þeim fundi
- **Hlé** frá störfum (Heilsufarsástæður eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum)
 - Ef um er að ræða a.m.k. **einn mánuð** skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi
- **Tilkynning um forföll**
 - Aðalmaður skal tilkynna forföll til forseta bæjarstjórnar, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður
- Þegar aðalmaður **fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn** frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans takasæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi

42. gr. bæjarmálasamþykktar Boðun varamanna nefnda

- Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.
- Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni
- Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt

Áheyrnarfulltrúar – réttindi og skyldur

- Til eru þrenns konar áheyrnarfulltrúar
 - **Pólitískir áheyrnarfulltrúar framboða** skv. 1. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga
 - Áheyrnarfulltrúar sem skipaðir eru samkvæmt sérstakri heimild sveitarstjórnar umfram þá skyldu
 - Áheyrnarfulltrúar sem skipaðir er af utanaðkomandi aðilum á grundvelli sérlaga

50. gr. sveitarstjórnarlaga

Áheyrnarfulltrúar

- Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar
- Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir
- Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn
- Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skv. 1. mgr. skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd (sjá um almennt hæfi)

32. gr. bæjarmálasamþykktar Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði

- Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með **málfrelsi og tillögurétt**
 - Réttur að taka til máls og bóka en ekki að greiða atkvæði
- Áheyrnarfulltrúi má tilnefna varamann í forföllum sínum
- Ákvæði um þóknun eiga einnig við um áheyrnarfulltrúa
- **Áheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal vera aðalmaður í bæjarstjórn,** varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal uppfylla kjörgengisskilyrði, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga
 - Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá

44. gr. bæjarmálasamþykktar Áheyrnarfulltrúar í nefnd

- Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í fastanefnd má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í fastanefnd með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi má tilnefna varamann í forföllum sínum.
- Ákvæði um launakjör, sbr. 45. gr., eiga einnig við áheyrnarfulltrúa.
- Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskyldu-ákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn
- Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd

Lausn frá setu

- 23. gr. Lausn frá störfum í bæjarstjórn
- 42. gr. Lausn frá nefndarsetu og endurskipun

23. gr. bæjarmálasamþykktar

Lausn frá störfum í bæjarstjórn

- Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án **óhæfilegs álags**, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:
 - 1. Létti af honum störfum eða
 - 2. Veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðins tíma (lengur en til eins mánaðar) eða til loka kjörtímabils
- Þegar bæjarfulltrúi **flytur úr bæjarfélagi um stundarsakir** má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í bæjarfélaginu.
 - Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi
- **Missi** bæjarfulltrúi **kjörgengi** skal hann víkja úr bæjarstjórn
- Ef bæjarfulltrúi **missir fjárforræði** skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir -> missa forræði á fjármálum vegna gjaldþrotameðferðar

43. gr. bæjarmálasamþykktar

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun

- **Beiðni um lausn**
- Fulltrúum í nefndum, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili
- Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt **lausn tímabundið** eða **út kjörtímabilið** og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi
- **Ákvörðun um að skipta út fulltrúum**
- Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili **ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum** sem hún kýs eða skipar
 - ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða
 - málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, s.s.
 - nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða
 - brýtur gegn þagnarskyldu
- **Endurskipun nefndar**
- Ennfremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskíldu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun
- Breytingar á nefndaskipan skulu fullnægja skilyrðum um kynjahlutföll

17. gr. Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála

- Markmið með hæfisreglum er að stuðla að vandaðri ákvörðunartöku og auka trúverðugleika og traust borgara á starfsemi stjórnvalda
 - Amennt hæfi
 - Sérstakar hæfisreglur fjalla um þær kröfur sem kjörnir fulltrúar og nefndarmenn þurfa að uppfylla til að vera hæfir til meðferðar máls og afgreiðslu einstakra mála
- Gildir við meðferð (umfjöllun) eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun skv. stjórnslulögum nr. 37/1993 og við gerð samninga f.h. sveitarfélagsins
- Á sér stóð í 7. gr. síðareglna
 - Kjörnum fulltrúum ber að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þeir taka ekki þátt í undirbúningi og afgreiðslu mála sem varða sérhagsmuni þeirra sjálfra, venslamanna, skjólstæðinga eða annarra sem tengjast þeim svo sérstaklega að ætla megi að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti af þeim tengslum eða valdi tortryggni.

Almennt hæfi nefndarmanna

- Óskráð grundvallarregla í gildi innan stjórnslunnar
- Yfirleitt átt við þá eiginleika (hæfni, færni) til að gegna tilteknu starfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eða að taka sæti í nefnd
- Forðast skal að skipa þá fulltrúa til nefndarsetu, sem annað hvort er fyrirsjáanlegt að verði oft vanhæfir til meðferðar einstakra mála eða gegna stöðu, sem vegna ákveðinna tengsla við nefndina veldur sjálfkrafa að þeir geta ekki talist hæfir til að fjalla um sömu mál í báðum störfum
- Reglan skiptir mestu máli þegar skipað er í nefndir, en getur komið til seinna ef nefndarmaður skiptir um starf eða tekur að sér sérstök trúnaðarstörf fyrir aðra aðila
- Ef grunur er um að nefndarmann skorti almennt hæfi til setu í nefnd, reynir á viðkomandi nefndarmann að koma auga á vanhæfi sitt þegar þau mál eru til umfjöllunar sem leitt geta til vanhæfis hans
- Sama má segja um formann, ef nefndarmaður tilkynnir ekki um vanhæfi sitt ber formanni að benda á það

Hvað veldur sérstöku vanhæfi?

- **Tengsl við aðila að stjórnsýslumáli eða hagsmuni máls**
- Tengsl
 - Skyldleiki og mægðir (maki og hans skyldmenni)
- Hagsmunir
 - Fara þarf fram mat

Tengsl (skyldleiki og mægðir)

- Er eða hefur verið maki aðila
 - Sambúðarfólk á hér einnig undir
- Skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið hliðar
 - Beinn leggur (mynd I)
 - Börn og barnabörn nefndarmanns og maka hans
 - Foreldrar nefndarmanns og maka hans
 - Afi og amma nefndarmanns og maka hans
 - Annar liður til hliðar (myndi II)
 - Systkini nefndarmanns og maka hans og börn þeirra
 - Systkini foreldra nefndarmanns og maka hans og börn þeirra
- Tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar

Hagsmunir

- Það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af
- Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. 6. tl. 3. gr. ssl.
- Fjárhagslegir hagsmunir
 - Eigið fyrirtæki eða félög, samkeppnishagsmunir o.fl.
 - Fyrirtæki eða félög eða fjárhagslegir hagsmunir maka og skyldmenn og þá sem eru honum mægðir
 - Aðrir fjárhagslegir, von um ágóða eða hætta á tapi
- Ófjárhagslegir hagsmunir
 - Að vera háður aðila að máli (viðskiptasamband, yfirmannavanhæfi, hafa þegið dýrar gjafir/greiða)
 - Ákvörðun snertir nefndarmann eða hagsmuni hans á huglægan hátt (óhagræði, t.d. deiliskipulag)
 - Mikill þekktur vinskapur, sýnilegur þekktur óvinskapur...
- **Mat á hagsmunum**
 - Þeir hagsmunir sem málið snýst um eru einstaklegir, verulegir og tengsl við nefndarmann og úrlausnarefni málsins eru nán
 - Þeir hagsmunir sem málið snýst um eru það smávægilegir eða eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur hlutaðeigandi nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun hans í málinu

Hvað veldur ekki vanhæfi

- Nefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf
- Þegar bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd fjalla um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, veldur það ekki vanhæfi, þótt kjörinn fulltrúi hafi unnið við áætlun, enda eigi bæjarfulltrúi eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis
- Matskennt ákvæði 2. mgr. 3. gr. ssl.;
 - Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

Hæfismál

- Nefndarmaður sem veit hæfi sitt eða annarra orka tvímælis skal án tafar vekja athygli forseta bæjarstjórnar eða formanns nefndar á því
 - Góð regla að fá álit formanns/bæjarlögmann og ráðfæra sig um leið og mál kemur á dagskrá -> boða varamann
- Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndamanna til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála
- Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt
- Nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti **og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu**

Afleiðingar þess ef vanhæfur bæjarfulltrúi eða nefndarmaður tekur þátt í afgreiðslu máls

- Sá sem hlut á að máli getur kært ákvörðun og farið fram á ógildingu ákvörðunar eða farið fram á ógildingu og/eða skaðabætur fyrir dómi
- Vanhæfi nefndarmanns leiðir þó ekki alltaf til þess að ákvörðun verði gerð ógild. Þar koma til hinar sérstöku aðstæður hjá fjölskipuðu stjórnvald
 - Hafi ákvörðun verið í anda stefnumótunar og áætlanagerðar á vegum sveitarfélagsins og hægt er að slá því föstu að vanhæfi nefndarmanns hafi ekki haft nein áhrif á efni ákvörðunar er lítil hættu á að ákvörðun verði talin ógildanleg
 - Þá er talið að ef vanhæfur nefndarmaður tekur þátt í ákvörðun og atkvæði hans ræður ekki úrslitum leiðir það almennt ekki til þess að ákvörðun verði ógildanleg
- Frá síðast nefnda tilvikinu eru þó tvær veigamiklar undantekningar:
 - Hafi nefndarmaður haft sérstök áhrif á efni ákvörðunar með þátttöku sinni, m.a. með umræðum á fundi eða tekið þátt í að semja bókun við afgreiðslu máls eru meiri líkur til þess að ákvörðun verði talin ógildanleg
 - Ef formaður nefndar er vanhæfur eru meiri líkur á að ákvörðun verði talin ógildanleg, þar sem formaður stjórnar störfum nefndar og er almennt talinn hafa meiri áhrif á meðferð og úrlausn máls
- Hæfisreglur eru varúðar- og hættureglur
 - Eiga að draga úr tortryggni
 - Gera stjórnsýsluna trúverðugri
- **Ef nefndarmaður telur líklegt að vera hans við afgreiðslu máls líti illa út ef horft er til hins almenna borgara, ætti hann að víkja sæti**